

Fundargerð (31)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 20. apríl 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Laufey Gissurardóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Raket Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson og Kristín Ösp Jónsdóttir
Verkefnisstjórn: Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams föstudaginn 16. apríl. Í upphafi fundar var Aldís Magnúsdóttur fagnað sem eftirmanni Sverris Jónssonar fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis.

- 1. Fundargerð 30. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
- 3. Staða Vinnustundar.** Bára Hildur gerði grein fyrir stöðunni, m.a. að stjórnendaskýrsla sé nú orðin rétt og hægt að nota hana hjá ríki í formi skýrslu. Verið sé að búa hana til fyrir aðra launagreiðendur sem nota Vinnustund. Önnur verkefni séu einnig í vinnslu til að mæta þörfum verkefnisins, m.a. sé unnið að breytingum með tilliti til launavinnsluhluta og verið sé að skrá reiknireglur. Í stað daglegra stöðufunda verði þeir framvegis á dagskrá vikulega.
- 4. Vaktahvati og jöfnun vinnuskila.** Minnisblað verkefnisstjórnar um störf og niðurstöður í undirhópi sem fjallaði um yfirvinnu, vinnuframlag og áhrif vægis vinnuskuldustunda lagt fram til kynningar.
- 5. Stöðuskýrsla frá innleiðingarhópum.** Allir innleiðingarhóparnir sem vinna í umboði stýrihóps skiluðu stöðuskýrslu sem var í fundargögnum. Raket fór yfir skýrslu Reykjavíkur, Aldís yfir skýrslu ríkisins, Margrét yfir skýrslu sveitarfélaganna og Tryggvi skýrslu Sambands fyrirtækja í velferðarþjónustu. Skýrslurnar voru upplýsandi um stöðuna hjá hverjum innleiðingarhópi fyrir sig og varð töluverð umræða um þær og mismunandi framsetningu á stöðunni.
- 6. Lykilmælikvarðar matshóps og áherslur.** Sonja Ýr minnti á mikilvægi starfa matshópsins og nauðsyn þess að upplýsingar í kerfum launagreiðenda séu aðgengilegar til þess að leiða megi lykilmælikvarða fram. Samþykkt var að málið verði á dagskrá næsta fundar stýrihópsins. Til undirbúnings honum verði matshópi falið að leggja fram upplýsingar um stöðu mála, og hvernig hver þáttur mælinga verði afmarkaður þannig að unnt sé að leggja mat á kostnað og ávinning af betri vinnutíma í vaktavinnu. Bára Hildur upplýsti að verkefnisstjórnin hyggist leggja mikla áherslu á eftirfylgni fyrstu vikur og mánuði eftir gildistöku og m.a. fylgjast sérstaklega með vaktaplönunum.

7. Önnur mál

- Áhyggjum lýst af umfjöllun í fjölmiðlum þar sem ítrekað komi fram að vandkvæði í rekstri hjúkrunarheimila sé m.a. að rekja til breytts vinnufyrirkomulags vaktavinnu. Neikvæðu ljósi sé varpað á nýtt fyrirkomulag, og ekki greint milli áhrifa af þeim breytingum og fjárhagsvanda af öðrum toga.
- Ragnar upplýsti að sérfræðingar hjá Eflingu hafi útbúið vaktareikni, sem verði á heimasíðu félagsins til að auðvelda einstökum launamönnum útreikning á áhrifum breytts fyrirkomulags vaktavinnu.

Fundi slitið kl. 15.37. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fjarfundur verður þriðjudaginn 27. apríl kl. 14.00-15.30